



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

30. fundur Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu á Borg, þriðjudaginn 13. janúar 2026 kl. 08:30.

Nefndarmenn:

Smári B. Kolbeinsson, formaður

Björn Kristinn Pálmarsson

Þorkell Þorkelsson

Aðrir fundarmenn:

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti

Ragnar Guðmundsson, deildarstjóri veitna

Steinar Sigurjónsson, deildarstjóri framkvæmda, mannvirkja og umhverfis

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Smári B. Kolbeinsson.

1. Framkvæmdir og fjárfestingar 2026

Farið yfir stöðuna á þeim verkefnum sem eru á framkvæmda- og fjárhagsáætlun ársins 2026.

Lagt fram til kynningar.

2. Göngu- og hjólastígar meðfram stofn- og tengivegum

Lögð fram til kynningar greinargerð vegna breytingar á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps í tengslum við nýja göngu- og hjóltreiddastíga í sveitarfélaginu.

Framkvæmda- og veitunefnd gerir ekki athugasemd við greinargerðina. Nefndin ræddi mikilvægi þess að koma verkefninu af stað á þessu ári.

3. Kaldárhöfði – Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu

Fyrir liggur ákvörðun skipulagsstofnunar dags. 4. desember 2025 um matsskyldu vegna borunar og prófunar á tilraunaholu við Kaldárhöfða. Niðurstaða Skipulagsstofnunar er sú að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Lagt fram til kynningar.

4. Íþróttamiðstöð á Borg - viðbygging

Ragnar Guðmundsson og Steinar Sigurjónsson fóru yfir stöðuna á viðbyggingu við íþróttamiðstöðina á Borg. Verið er að ljúka við úttektir og vonast er til að hægt verði að taka neðri hæð hússins í notkun fyrir lok janúar og efri hæðina í febrúar.

Lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 09:45